

Bókhladan

Canon



- 20 bláa hafi • 11 bla. á min. 1 se/for
- 2,5 bla. á min. 1 bl. • 280x180mm skráum
- Árkassari fyrir 100 bla. • Microfilm Original raster
- Letur vax þegar engin þarf um klappi
- Hugbúnaður: Windows 95/98/2000/XP
Mac OS 9.0 og Mac OS X

Canon

Verð kr. 15.900 m/vsk

Bæjarins besta

Miðvikudagur 27. nóvember 2002 • 48. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Flateyri

Bókasafnið opnað á ný

Bókasafnið á Flateyri var opnað að nýju nú um helgina. Safnið hefur verið lokað undanfarin misseri vegna óvissu í húsnæðismálum þess við hlið gömlu hreppsskrifstofunnar við Hafnarstræti. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að safnið verði áfram á sama stað. Bókasafnið hefur verið endurskipulagt og töluverðu af gömlum og úreltum ritum hefur verið komið fyrir í geymslum.

Nú eru aðgengileg rit í útlánasalnum um sex þúsund og öll aðstaða töluvert betri en áður var. Pétur Þorkelsson sem sinnti bókasafninu á Flateyri um árabíl hefur tekið að sér bóka-vörsluna áfram.

Vestfirðir

86 manns atvinnulausir

Fyrir helgina voru 86 manns skráðir án atvinnu á Vestfjörðum. Þetta jafngildir 2,1% atvinnuleysi í fjórðungnum. Atvinnuleysi hefur aukist nokkuð síðustu vikur eins og venjulega á þessum árstíma. Í október mældist atvinnuleysi á Vestfjörðum 1,2% að meðaltali. Það jafngildir því að 49 hafi verið atvinnulausir á degi hverjum, 29 karlar og 25 konur.

Atvinnuleysi á Vestfjörðum er sem fyrr töluvert minna en á landsvísu.

100 ára afmælis vélvæðingar í fiskibátaútgerð á Íslandi minnst

Sexæringurinn Stanley var fyrsti íslenski vélbáturinn

Hátíðarhöld voru á Ísafirði á laugardag í minningu þess, að öld er liðin frá því að fyrst var sett vél í bát á Íslandi. Það var einmitt gert á Ísafirði og telst sá atburður marka einhver merkustu þáttaskil sem orðið hafa í íslenski útgerðar- og atvinnusögu. Báturinn var sexæringurinn Stanley en vélin dönsk af gerðinni Møllerup. Fyrir hátíðarhöldunum stóðu Bygðasafn Vestfjarða og Vélstjórafélag Íslands, en þessi atburður fyrir einni öld markar upphaf vélstjórastéttarinnar á Íslandi.

Vélin í Stanley kom til Ísafjarðar 5. nóvember 1902 en báturinn fór sína fyrstu ferð með vélarafli 25. nóvember. Formaður á Stanley var Árni Gíslason, sem átti hann í félagi við Sophus J. Nielsen, verslunarstjóra Tangverslunar á Ísafirði. Meðal gesta á Ísafirði við hátíðarhöldin á



Finnbogi Bernódusson, Pétur Sigurðsson, Jón Ólafur Sigurðsson og Guðmundur Einarsson skoða Møllerup-vélina frá 1902 á sýningunni í Bygðasafninu á Ísafirði.

laugardag var Þorsteinn Pálsson, sendiherra í Lundúnum og fyrrum sjávarútvegsráðherra, en Árni Gíslason var langafi hans. Þar var einnig afkomandi J.H. Jessens vélfræðings, sem fylgdi fyrstu

vélinni til Íslands og markaði síðan varanleg spor í sögu Ísafjarðar.

Í tilefni af þessum tímamótum var á laugardag opnuð sögusýning í Bygðasafni Vestfjarða í Neðstakaupstað

á Ísafirði. Þar getur meðal annars að líta Møllerup-vél smíðaða 1902, sem hugsanlegt er að sé einmitt sama mótórvélin og knúði Stanley fyrir hundrað árum.

Sjá nánar á bls. 8.

Skoðanakönnun DV meðal kjósenda í Norðvesturkjördæmi

Flestir hafa mest álit á Einari K.

Einar K. Guðfinnsson, fyrsti þingmaður Vestfirðinga, nýtur mests álits af stjórnmálamönnum í Norðvesturkjördæmi meðal kjósenda í kjördæminu, samkvæmt skoðanakönnun DV sem gerð var í síðustu viku. Annars vegar var spurt um þann stjórnmálamann í kjördæminu sem

fólk hefði mest álit á og hins vegar þann sem fólk hefði minnst álit á. Flestir nefndu Einar Kristín sem þann sem þeir hefðu mest álit á. Hins vegar komst hann naumast á blað í hópi þeirra sem fólk hafði minnst álit á.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra var sá stjórnmálamaður í kjördæminu sem flestir kváðust hafa minnst álit á. Vilhjálmur Egilsson er umdeildastur samkvæmt könnuninni en hann lenti í öðru sæti bæði hvað vinsældir og óvinsældir varðar. Ekki mun aði miklu á honum og Einari Kristni í vinsældum en hins vegar var hann langt frá Sturlu

Böðvarssyni í óvinsældum.

Á eftir Einari Kristni (D) og Vilhjálmur (D) á vinsældalistanum komu, í þessari röð: Magnús Stefánsson (B), Einar Oddur Kristjánsson (D), Sturla Böðvarsson (D), Jón Bjarnason (V), Guðjón Guðmundsson (D) og Kristinn H. Gunnarsson.

SAMKAUP!
eign og gætt

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

SAMKAUP!
eign og gætt


NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi



Vestri sigraði í 2. deildinni

Sundfélagið Vestri sigraði 2. deild Bikarkeppni Sundsambands Íslands 2002 um helgina eftir hörkukeppni við Óðin á Akureyri og Ungmennafélag Laugdæla. Þar með vann Vestri sig upp í fyrstu deild á ný eftir langa bið. Keppnin var geysilega spennandi á lokasprettinum og skiptust félögin þrjú á að leiða síðari daginn. Sundfólkið úr Vestra náði hins vegar forystunni fyrir boðsundin og lét hana ekki úr hendi eftir það.

„Þetta er glæsilegur árangur því að Vestri hefur ekki verið

í 1. deild frá því árið 1991. Þetta var mjög hörð sundkeppni alla helgina. Vestri vill koma miklu þakklæti til allra þeirra sem gerðu þennan sigur að veruleika“, segir Ingi Þór Ágústsson, yfirþjálfari hja Sundfélaginu Vestra.

Lið frá fimmtán félögum kepptu í annarri deildinni. Sundfélagið Vestri fékk 19.370 stig, Óðinn varð í öðru sæti með 18.793 stig og Laugdælir urðu í því þriðja með 18.590 stig. Í fyrra varð Vestri í 2. sæti í 2. deild en aðeins efsta liðið vannur sig upp um deild.



Húsfyllir var í Menningarmiðstöðinni Edinborg.

Bókmenntadagskráin Opín bók

Húsfyllir í Menningarmiðstöðinni Edinborg

Opín bók, árleg bókmenntavaka Edinborgar á Ísafirði, var haldin á laugardag. Fullur salur áhorfenda fylgdist með upplestri séra Arnar Bárðar Jónssonar, dr. Más Jónssonar, Sigurbjargar Þrastardóttur, Andra Snæs Magnasonar, Hörpu Jónsdóttur og Þorsteins Guðmundssonar. Að sögn Margrétar Gunnarsdóttur hjá Menningarmiðstöðinni Edinborg voru gestir jafnt sem fyrirlesarar ánægðir með daginn. „Þetta gekk vel og það var fullur salur af fólki í Edinborgarhúsinu“,

segir Margrét.

Már Jónsson sagnfræðingur flutti erindi og las upp úr bók sinni Til merkis mitt nafn. Sigurbjörg Þrastardóttir las úr verðlaunabók sinni Sólar sögu og séra Örn Bárður úr smásagnasafninu Íslensk fjallasala og fleiri sögur. Þá las Andri Snær úr nýrri bók sinni Lovestar, Þorsteinn Guðmundsson las úr Hundabókinni og Harpa Jónsdóttir úr barnabókinni Ferðin til Samiraka, en fyrir hana hlaut hún Íslensku barnabókaverðlaunin í ár.



Nokkrir gestanna á bókmenntakvöldunni.

Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði

Jón Þ. Þór flytur erindi um Ásgeirsverslun

– elstu símtæki landsins jafnframt tekin fram til sýningar

„Ásgeirsverslun og sjálfstæðisbaráttan“ er heiti á erindi sem Jón Þ. Þór sagnfræðingur flytur í Tjörúhúsinu á Ísafirði á laugardag. Þetta verður þriðji og síðasti viðburðurinn sem Byggðasafn Vestfjarða stendur fyrir til að minnast þess að 150 ár eru liðin frá stofnun Ásgeirsverslunar, hins sögufræga og umsvifamikla fyrirtækis á Ísafirði. Ásgeir kaupmaður Ásgeirsson eldri var stuðningsmaður og velgjörðamaður Jóns Sigurðssonar og þótti það nokkur kaldhæðni þegar Ásgeirsverslun var lögð niður 30.

nóvember 1918, daginn áður en Ísland varð fullvalda ríki.

Jón Þ. Þór er höfundur stórvirkisins Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, sem Sögufélag Ísfirðinga gaf út í fjórum bindum á sínum tíma. Í erindi sínu sem hefst kl. 16 á laugardag fjallar hann um tengsl Ásgeirsverslunar við Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttuna á 19. öld. Léttar veitingar verða á borðum fyrir þá sem þess óska.

Við þetta tækifæri verða jafnframt tekin til sýningar hin gömlu talsímataeki Ásgeirsverslunar. Árið 1889 lét fyrirtækið leggja fyrstu símalínu á



Fyrsti íslenski símamaðurinn, Guðmundur Pálsson beykir á Ísafirði.

Íslandi og náði hún frá Faktors húsinu í Neðstakaupstað

upp í verslunarhúsið að Aðalstræti 15. Verk þetta vann Guðmundur Pálsson beykir á Ísafirði. Hann var einnig að verki þremur árum síðar, þegar sýslunefnd Ísafjarðarsýslu lét að frumkvæði Skúla Thoroddsens sýslumanns leggja talsímalínu eða „málþráð“ milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Mætti Guðmundur með réttu kallast fyrsti íslenski símamaðurinn, þótt ekki hafi hann lært þau fræði sérstaklega. Þess má geta, að Ísland mun hafa verið eina landið þar sem talsími kom til sögunnar á undan ritsíma.

Akstur nemenda á Suðureyri til íþróttakennslu á Ísafirði

Peningunum betur varið í lagfæringar á félagsheimilinu

„Að mati undirritaðra er fyrirhugaður akstur nemenda í íþróttahús á Ísafirði til íþróttakennslu óásættanlegur kostur, bæði fyrir nemendur og foreldra. Stundaskrá nemenda raskast allverulega, auk þess sem tónlistarkennsla og ýmis skipulögð félagsstörf þeirra eru í uppnámi. Með lausn þessara mála til lengri tíma óskum við undirrituð eftir að byggingu íþróttahúss á Suð-

ureyri verði hraðað“, segir í bréfi sem bæjarráði Ísafjarðarbæjar barst frá forsvarsmanni Foreldrafélags Grunnskólans á Suðureyri og tveimur fulltrúum í foreldraráði skólans.

„Allverulegur kostnaður hlýst af fyrirhugðum akstri. Teljum við að fjármunum þeim væri betur varið til lagfæringa á félagsheimili Sjúgufirðinga svo hægt sé að kenna íþróttir þar til bráðabirgða,

þ.e. þar til nýtt hús rís. Þá fer ýmis önnur starfsemi skólans fram í félagsheimilinu, svo sem diskótek, barnaskemmtun, leiksýningar, danskennsla, öskudagsskemmtun o.fl. Því enginn salur er í skólanum. Þá er rétt að minna á, að félagsheimilið er nýtt fyrir aðra starfsemi ýmissa félaga og hvers konar mannabót og þarf því að vera í boðlegu standi. Félagsheimilið er menningar-

hús og samkomustaður í hjarta bæjarins“, segir í bréfinu.

Samkvæmt heimildum blaðsins stóð foreldraráð Grunnskólans á Suðureyri ekki óskipt að þessu bréfi enda munu skiptar skoðanir um áherslur í þessum málum. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vísaði erindi þessu til fræðslunefndar bæjarins en tók ekki afstöðu til þess.

Eignarnám húsa vegna snjóflóðavarna í Bolungarvík

Eigendum boðin samningar með fyrirvara um dómsniðurstöður

– Ofanflóðasjóður knýr bæinn til að fara með málið fyrir dómstóla

Bæjarstjórn Bolungarvíkur býður þeim sem þurfa að sæta eignarnámi íbúðarhúsa sinna vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna í Bolungarvík að ganga til samninga á grundvelli mats Tryggva Guðmundssonar og Gunnars Torfasonar frá því í fyrravor. Eigendum húsa er gert þetta boð „þar sem ljóst er að enn um sinn mun dragast að full málalok náist í þessu viðkvæma máli“. Áður nefnt mat er mun lægra en síðara mat sem matsnefnd eignarnámsbóta gerði. Því mati vill Ofanflóðasjóður ekki una nema á það reyni fyrir dómstólum.

Í bókun bæjarstjórnar segir jafnframt, að hún sjái sig knúna til að skjóta úrskurði matsnefndarinnar til dóm-



stóla. Bæjarstjórnin gerir þann fyrirvara við tilboð sitt um samninga, að lokauppgjör fari eftir dómsniðurstöðum, hverjar sem þær verða.

Eins og áður hefur komið

fram hefur Ofanflóðasjóður stillt bæjaryfirvöldum upp við vegg í þessu máli. Sjóðurinn hefur ákveðið að greiða lögbundna hlutdeild í lægra matinu á móti Bolungarvíkur-

kaupstað en neitar að greiða samkvæmt úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta nema málið fari fyrir dómstóla. Hér veltur á nokkrum tugum milljóna fyrir Bolungarvík.

Gómsætur hokinjali og leirgedda á borðum

Stjórnendur Hraðfrysti-
hússins – Gunnvarar hf. í
Hnífsdal kynntu í hádeg-
inu sl. föstudag fræðslu-
áætlun fyrir bolffiskvinnslu-
una, sem þeir hafa að und-
anfögnu unnið að í sam-
starfi við Fræðslumiðstöð
Vestfjarða. „Hingað til
hefur endurmenntun
starfsfólks verið tilviljun-
arkennd en nú er komin
áætlun fyrir bolffisk-
vinnsludeildina. Á
næstunni verða gerðar
sambærilegar áætlanir
fyrir aðrar deildir“, segir
Kristján G. Jóakimsson,
framkvæmdastjóri
vinnslu- og markaðsmála
hjá HG.

Kynningin fór fram í
kaffistofu fyrirtækisins í
Hnífsdal. Tækifærið var
notað til að bjóða starfs-
fólki og gestum upp á
vatnasteinbít (leirgeddu)
og hokinjala, en báðar
tegundirnar eru miklir
„samkeppnisaðilar“
íslenska þorsksins á
erlendum mörkuðum.
„Hokinjalinn bragðaðist
mjög vel. Það er augljóst
að við munum eiga fullt í
fangi með að keppa við
hann á mörkuðum“, segir

Kristján.



Starfsfólk bolffiskvinnslu HG gæðir sér á leirgeddu og hokinjala.



Starfsfólkið fylgdist af áhuga með kynningunni.



Íslenskir
geisladiskar
í úrvali

Bókhlaðan
PENINN
Ísafirði, sími 456-3123

Jólin nálgast!

Fjölbreytt úrval gardínu-
og fataefna fyrir jólin

Hjá okkur færðu einnig
þrjónavörur, föndurvörur
og hannyrðavörur

Verið velkomin

GARDÍNUBÚÐIN
Hafnarstræti 8, Ísafirði • Sími 456 3430



Jólagjöf til VESTFIRÐINGA

Frí safnsending

Þann 15. desember

Þökkum góðar móttökur



sofðu vel um jólin

VISCO-MEDICOTT
MULTI-ZONE

Þetta er einn bestur svefni og þetta er besta svefni. Þetta er einn bestur svefni og þetta er besta svefni.

Einstök prýstijöfnun

Þýr valkostur sem einnig tryggir ríman stuðning

Verðdæmi Queen stærð kr. **99.900** stgr.
Fáanlegt í öllum stærðum og tveimur stillileikum.
Verð á heilsudýna með botni, fótum og flutningi.

Chiropractic

Ein mest seldi ameríska heilsudýnan

Sú besta orðin enn betri

Samkvæmt stærsta stærðinni kírópraktara í heimi

Chiropractic Queen verð frá kr. **89.900** stgr.
Sú vinsælasta, Classic Queen kr. **114.900** stgr.
Verð á heilsudýna með botni, fótum og flutningi.



Eitt mesta úrval landsins af rafmagnsrúmum




Verð afleið kr. **139.500** stgr.
með öðrum besta VISCO-MEDICOTT
prýstijöfnunardýna 80 x 200 cm.
Boxset gammaljósruv í botni.



Verð afleið kr. **174.500** stgr.
með öðrum besta VISCO-MEDICOTT
prýstijöfnunardýna 80 x 200 cm.
Íbúðun fjærstýring með ljósi,
væðingum í ormski, völd og flutningi.




Verð afleið kr. **99.900** stgr.
með öðrum besta VISCO-MEDICOTT
prýstijöfnunardýna 80 x 200 cm.
Fibraflex rúmhljóðruv í botni.



Morgunstar



Tana




Luna



Sola



Sólun



Sól

Fáanlegar stærðir 80x200 - 90x200 - 90x210 - 97x200 - 100x200 - 140x200

Íbúðun
Hljóðruv

Vinsælasta
jólagjöfin



Svefn & heilsa

Nánari upplýsingar
í síma: 581 2233
Sjá einnig heimasíðu



KONA VIKUNNAR

Pverskorin ýsa með kartöflum og smjöri í uppáhaldi



Nafn: Guðrún K. Guðmundsdóttir.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Vindhæli A-Húnavatns-sýslu 11. maí 1953.
Atvinna: Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.
Fjölskylda: Maki er Bjarni Jóhannsson og eigum við tvær dætur, tvo tengdasyni og einn dótturson.
Helstu áhugamál: Ættfræði.
Bifreið: Subaru Forrester.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Subaru Forrester.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Bóndi.
Uppáhalds matur? Pverskorin ýsa með kartöflum og smjöri.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Kalkún.
Uppáhalds drykkur? Kaffi.
Uppáhalds tónlist? Öll sígild tónlist.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Veit ekki.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Fréttir.
Uppáhalds vefsíðan? bb.is
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Stella í orlofi.
Fallegasti staður hérlendis? Rauðisandur.
Fallegasti staður erlendis? Rínardalurinn.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Já.
Uppáhalds heimilistækið? Uppbottavélin.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Lesa skemmtilegar bækur.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Óheiðarleiki.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Kúri undir sæng með spennandi bók.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Veit ekki.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Ég myndi reyna að fá ungt fólk til að setjast hér að og kynna því hve gott er að búa hér og ala börnin sín upp hér.
Lífsmottó? Njóta hvers dags eins og hann væri sá síðasti.



Ljósakrossar

Gjaldið fyrir að stinga ljósakrossi í samband er 1.000 krónur. Kirkjugarðsvörðurinn á Ísafirði, Ingi Jóhannesson, sími 456 3560, tekur á móti gjaldinu.

Kirkjugarðar Ísafjarðar.

Listasýning Boggu í Súðavík

Breytir litlitlum gróðri í litskrúðugar skreytingar

Vilborg Arnarsdóttir, sem betur er þekkt undir nafninu Bogga, hélt listasýningu í þjónustumiðstöðinni í Súðavík á laugardag. Sýningin var vel sótt af Súðvíkingum og nærsveitarmönnum. Þar voru meðal annars

til sýnis blómaskreytingar úr villtum plöntum, þurrkuðum garðagróðri og lituðum blómum úr náttúru Súðavíkur. Umgerðir skreytinganna voru gamlar, ónothæfar grammófónplötur sem hafa verið mótadár á ýmsa vegu.

Hugmynd Vilborgar með þessu er að sýna fram á möguleikana á því að koma ónothæfum hlutum í nýtt hlutverk og breyta litlitlum gróðri, sem naumast verður tekið eftir, í litskrúðugar skreytingar.




Listakonan Bogga við blómaskreytingar sínar.

Einnig sýndi Bogga andlitsmyndir af fólki á norðanverðum Vestfjörðum, teiknaðar á

árunum 1991-93, ásamt nýjum myndum. Teikningarnar verða uppi í þjónustumiðstöð-

inni í Súðavík til 29. nóvember. Þetta er fyrsta einkasýning Vilborgar.



SÆLKERI VIKUNNAR

ER EDDA BJÖRG KRISTMUNDSDÓTTIR, BÓKASAFNSFRÆÐINGUR Á ÍSAFIRÐI

Marbella kjúklingur

Ég tók að mér að hlaupa í skarðið fyrir Ingibjörgu enskukennara við Menntaskólann á Ísafirði, sem var stödd á Spáni, þannig að mér fannst við hæfi að koma með uppskrift af þessum spænskættaða kjúklingarétti. Þetta er frábær gestaréttur því að hann er látinn marinerast í nokkra klukkutíma og því er ekkert nema að stinga honum í ofninn áður en gestirnir koma.

Efni:

2-4 kjúklingar, hlutaðir niður
1 hvítlaukur, smátt saxaður
½ dl oregano
salt og nýmalaður svartur pipar
1-1½ dl ólífuolía
2½ dl steinlausar sveskjur
1-1½ dl ólífur
1 krukka kapers + soðið úr krukkanni
6 lárviðarlauf
1-1½ dl steinselja, smátt söxuð

1 dl hvítvín
1 dl púðursykur

Aðferð:

Setjið kjúklingabitana í stóra skál. Blandið öllu nema



hvítvíninu og púðursykrinum saman og hellið yfir bitana. Látið standa í ísskáp í 10 klst. Hrærið og snúið kjúklingabitunum með reglulegu millibili. Setjið í eldfast form. Hitið ofninn í 180-200 gráður og bakið kjúklingaréttinn í 30 mínútur. Lækkið hitann niður í 150 gráður og ausið safanum reglulega yfir meðan á steikingu stendur. Hrærið saman hvítvinið og púðursykurinn og hellið því yfir stuttu áður en kjúklingarétturinn er tilbúinn. Hvers kyns salöt með fetaosti og ólífuolíu/balsamico-ediki passa vel með þessum rétti.

Nýr vegur um Arnkötludal milli Stranda og Reykhólasveitar

Talinn kosta milli 600 og 700 milljónir króna

Lokið er undirbúningsathugunum á vegagerð milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar um Arnkötludal og Gautsdal. Um yrði að ræða 24,6 km veg í flokki C1, sem er vegur í hæsta gæðaflokki. Athuganir þessar lét einkahlutafélagið Leið vinna fyrir þann styrk sem stjórn Bygðastofnunar samþykkti í sumar að veita félaginu.

Í minnisblaði Línuhönnunar hf., sem annaðist athuganirnar, kemur fram að áætlaður kostnaður við alla þætti vegarlagningarinnar er um 686 milljónir króna. Í þeirri fjár-

hæð er m.a. innifalinn undirbúningur, hönnun, verktakakostnaður og eftirlit, auk þess sem í tölunni er gert ráð fyrir 15% óvissu. Kostnaður við hina eiginlegu vegagerð, þ.e. verktakakostnaður, er áætlaður um 527 milljónir króna.

Heildarbreidd klæðningar á veginum yrði 6,5 m, langhalli færi hvergi yfir 6% og hönnunarhraði yrði 90 km/klst. Áætlunin er gerð samkvæmt verkþáttaskrá Vegagerðarinnar og einingarverð eru miðuð við verðlag í október 2002.

Vegur þessi myndi stytta mjög vegalengdina frá norður-

svæðum Vestfjarða og suður á land. Margt hefur á síðustu misserum verið fjallað um þá kosti sem vænlegir teljast í samgöngubótum Vestfirðinga. Þar má nefna, að fyrir tæpu ári héldu fulltrúar Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps samráðsfund um samgöngumál á Vestfjörðum, og mæltu þeir meðal annars eindregið með því „að vegur verði lagður um Arnkötludal milli Stranda og Reykhólasveitar“.

Að lokinni ofangreindri undirbúningsvinnu liggur

næst fyrir að afla fjár til frekari athugana og er nú unnið að aukningu hlutafjár og öflun lánsfjár. Öllum sem áhuga hafa er heimilt að gerast hluthafar í Leið ehf.

Einkahlutafélagið Leið var stofnað í Bolungarvík fyrir tæpu ári að frumkvæði Jónasar Guðmundssonar sýslumanns, sem hefur lengi barist fyrir bættum vegsamgöngum fyrir Vestfirðinga. Félaginu er ætlað að beita sér fyrir framþróun í samgöngum á landi með því m.a. að annast einkafjármögnun og rekstur annarra samgöngumannvirkja.

TÖLVUSÝNING FRÁ OPNUM KERFUM



invent

COMPAQ



**Laugardaginn 30.
nóvember milli klukkan
10.00 og 15.00.
Sölufulltrúi frá Opnum
Kerfum verður á
staðnum.**

**Sýnum nýjustu
tölvulinuna frá H.P. sem
heitir Compaq Evo.
Kynnið ykkur nýjustu
tilboð og tækni í
tölvubúnaði.**



**Liðsmenn meistaraflokks
K.F.I. árita myndir frá kl.
13-15 sem teknar verða og
prentaðar út á nýjustu H.P.
græjurnar. Fáðu mynd af
þér með upphalds
leikmanni þínum.**



Happadrætti, veglegir vinningar frá H.P.



SNERPA



HAUGARÁA 4 • T. 400 (SALUÐREIÐ) • BÓVI 520 4000 • WWW.SNERPA.IS

„Vélbátarnir fóru eins og eldur um sinu“

Upphaf vélbátaútgærdar á Íslandi markast af þeim sögufræga atburði, þegar vél – „mótorvél“ eða „olíuhreyfivjel“ – var sett í sexæringinn Stanley á Ísafirði í nóvember 1902 eða fyrir réttum hundrað árum. Formaður á Stanley var Árni Gíslason, sem átti bátinn í félagi við Sophus J. Nielsen verslunarstjóra. Vélin var dönsk af gerðinni Møllerup og kom til Ísafjarðar 5. nóvember. Fyrstu sjóferð sína með vélarafli fór Stanley 25. nóvember 1902. Af þeirri ferð segir svo m.a. í frétt í blaðinu Vestra á Ísafirði:

„Báturinn var inni á Polli, og fór formaður hans ásamt meðeiganda sínum og nokkrum bæjarmönnum fyrstu ferðina út í Hnífsdal. Ferðin gekk ágætlega, og gekk báturinn álika og sex menn róa. Hann var 40 mínútur utan úr Hnífsdal og inn á Ísafjörð, en fór þó sjálfsagt fimm mínútna krók inn í Djúpið.“

Með vélinni kom frá Danmörku níttján ára piltur, Jens Hansen Jessen, til þess að setja vélin á bátinn og kenna

Árna meðferð hennar. Jessen hélt utan að verki loknu en kom fljótlega aftur til Íslands og settist að á Ísafirði. Hann setti þar á stofn vélaverkstæði, hið fyrsta sinnar tegundar héraendis. J. H. Jessen eignaðist hér eiginkonu og afkomendur en varð skammlífur.

Á laugardag var opnuð sýning í Turnhúsinu í Neðsta-kaupstað á Ísafirði í minningu þessara tímamóta í íslensku atvinnusögu. Meðal þess sem þar getur að líta er Møllerup-vél sem varðveist hefur héraendis og kann að vera einmitt sú hin sama og knúði Stanley. Eftir hátíðlega stund í Turnhúsinu héldu gestir í Verkmenntahúsi Menntaskólans á Ísafirði, þar sem meðal annars var greint frá stofnun Styrktarsjóðs vélstjóra í Ísafjarðarbæ (sjá baksíðu). Að hátíðahöldunum stóðu í sameiningu Vélstjórafélag Íslands og Bygðasafn Vestfjarða.

Elsti sérsníðaði vélbáturinn er líka ísfirskur

Í ávarpi við upphaf hátíðarhaldanna í Turnhúsinu sagði Jón Sigurpálsson, forstöðumaður Bygðasafns Vestfjarða meðal annars:

„Bygðasafnið hefur af þessu tilefni sett upp litla sýningu, sem er samsett annars vegar úr veggspjöldum þar sem þessi saga er rakin í grófum dráttum, og hins vegar er það svo vélin, tveggja hestafla Møllerupvél árgærd 1902, sem Þjóðminjasafn Íslands hefur lánað okkur. Þetta er sams konar vél og sett var í Stanley, og raunar er verið að kanna hvort þetta sé hugsanlega sú eina sanna...“

Stanley er því miður glataður, en það er þó gaman að geta þess, að við eigum hér á safninu annan merkan bát úr þessari sögu, en það er Gestur frá Vigur, sem mun vera elsti sérsníðaði vélbáturinn sem varðveist hefur hér á landi. Hann er nú þessi misserin í umfangsmikilli viðgerð og endursníði. Þannig er einnig ástætt um annan merkan sem safnið á, en það er eikarbáturinn Sædís sem Bárður G. Tómasson, fyrsti skipaverkfræðingur Íslendinga, teiknaði og sníðaði. Báðir þessir bátar, Gestur og Sædís, verða að viðgerð lokinni varðveittir á floti og hafðir í nokkurri notkun, og er það nýlunda í varðveislu báta á söfnum á Íslandi.“

Engill á gröf Jessens í Ísafjarðarkirkjugarði

Meðal gesta við hátíðina á Ísafirði laugardag var Ingólfur Harðarson, afkomandi J. H. Jessens vélfræðings, og flutti hann kveðju frá móður sinni, Sif Ingólfsdóttur, og engilstytta, sem hún óskaði að sett yrði á leiði Jessens í kirkjugarðinum á Ísafirði. Kveðjan frá Sif Ingólfsdóttur var svo-

hljóðandi:


„Fyrir hönd okkar, sem eigum ættir okkar að rekja til Jens Hansen Jessen, eru hér með sendar kærar kveðjur. Sérstakar kveðjur eru frá tengdadóttur og sonardætrum hans í Esbjerg í Danmörku. Mæt minning Jens Hansen Jessen og traust og virðing sú, er hann naut, hefur yljáð okkur um hjartaræturnar alla tíð. Stolt okkar yfir hæfni hans og verkum veitir okkur öllum meðbyr í lífsins ólgusjó og þar verðum við því aldrei vélarvana. Í stað blóma flytur þessi engill kveðju frá okkur, með ósk um Guðs blessun öllum til handa hér á Ísafirði.“

Áhrif vélbátavæðingarinnar á samfélagið

Sigurður Pétursson sagnfræðingur á Ísafirði flutti fróðlegt erindi um áhrif vélvæðingar íslenskra fiskiskipa, sem oft er nefnd Iðnbylting Íslendinga, á ýmsa þætti þjóðlífs og atvinnulífs. Varðandi áhrifin á þéttbýlisþróun á Vestfjörðum og fólksfjölda sagði Sigurður:

„Á 19. öld hafði verslunarfrelsi og saltfiskverkun verið undirstaða mikillar uppbyggingar í arabátaútgærd í kringum landið, ekki síst hér á Vestfjörðum. Þar við bættist svo öflug þilskipaútgærd kaupmanna á helstu verslunarstöðunum. Skútubæirnir urðu til á þessum tíma, Ísafjörður, Flateyri, Þingeyri og Bíldudalur eru dæmi um kaupstað og kauptún sem byggðust upp kringum verslun og skútur, með þeirri þjónustu sem slíkur rekstur þurfti, fiskverkun, handiðnað og stjórnsýslu.“

En á níttjándu öld urðu einnig til minni þéttbýli við sjávararsíðuna, sem spruttu upp vegna aukinna fiskveiða og



Møllerup-vélin í Bygðasafninu á Ísafirði.

hagstæðara verðs á lýsi og saltfiski. Þetta voru sjávarbyggðirnar sem áttu blómatíma sinn frá 1880 og fram yfir 1900.

Hér við Ísafjarðardjúp finnast margar slíkar byggðir eða verstöðvapor, eða réttara sagt, leifar þeirra. Því þessi litlu þéttbýli eru næstum öll komin í eyði nú. Dæmi um þessar byggðir eru: Arnarnes við Skutulsfjörð, Fofafótur í Seyðisfirði, Ögurnesíð, Hesteyri og Skálavík. Á þessum stöðum bjuggu oft 80-100 manns í hverri verstöð. Þarna var blómlegt líf um tíma, skólar og samkomuhús byggð, jafnvel verslunarhús. En nú standa aðeins tóftirnar eftir. Þessar verstöðvar urðu undir þegar vélbátarnir komu til sögunnar.

Aðrar verstöðar héldu áfram að eflast eftir að vélbátarnir komu til sögunnar, svo sem Hnífsdalur, Súðavík og ekki síst Bolungarvík. Það var hafnaraðstaðan sem gerði útslagið. Að vísu lentu bæði Hnífsdalur og Bolungarvík í tilvistarvanda, þegar vélbátarnir stækkuðu, því öruggar hafnir voru þar ekki til staðar frá náttúrunnar hendi. Hitt atriðið sem réði úrslitum var þjónustan: Vélaverkstæði, iðnaðarmenn og verslun. Það

er einmitt eftir tilkomu vélbátanna sem Ísafjarðarkaupstaður verður ótvíræður höfuðstaður Vestfjarða. Þar var allt til staðar til að fóstta vélbátaútgærdina. Ein besta höfn landsins, iðnaðarmenn og verslun til að þjóna þörfum útgerðarinnar og mannafla til að vinna úr aflanum.

Við sjáum þetta á þróun fólksfjöldans: Íbúar í Ísafjarðarkaupstað voru 1.067 aldamótaárið 1900. Næsta áratug 1901-1910 fjölgaði hins vegar í kaupstaðnum um heilar 787 manneskjur samkvæmt manntali og voru þá íbúar í bænum orðnir 1.854. Þessi mikla fjölgun milli vekur athygli, og ástæðan er: Vélbátar.

Ef við lítum til Vestfjarða og skoðum þéttbýlisþróunina, þá sker Bolungarvík sig úr. Þar hafði verið blómleg verstöð um aldaradur, en eins og títt var um verstöðvar, þá höfðu ekki margir þar fasta búsetu allt árið. Þetta breyttist með vélbátunum. Um alda-

kirkja

Ísafjarðarkirkja:

Foreldrasamvera á fimmtudag kl. 10:30 til 12:00. Kirkjuskóli barnanna á laugardag kl. 11:00. Messa og altarísanga á sunnudag kl. 11:00. Sr. Stína Gísladóttir þjónar fyrir altari.

Hnífsdalskapella:

Kirkjuskóli barnanna á sunnudag kl. 13:00. Aðventuhátíð á sunnudag kl. 17:00.

Flateyrarkirkja:

Bænastund á fimmtudag kl. 17:30. Kirkjuskóli á laugardag kl. 13:30.

Holtskirkja:

Guðspjónusta fyrsta sunnudag í aðventu kl. 15:00. Fermingarbörn flytja aðventuþátt. Altarisanga. Messukaffi í Holtsskóla.



Málverk af sexæringnum Stanley frá Ísafirði.

mót taldist ekki þéttbýli í Bolungarvík, en árið 1910 voru 815 íbúar taldir í þéttbýli í Bolungarvík af rúmlega þúsund íbúum.“

Um áhrif vélvæðingarinnar á útgerð landsmanna sagði Sigurður Pétursson:

„Það er eftirtektarvert, að vélbátarnir fóru eins og eldur um sinu. Það sama gerðist alls staðar á landinu: Prem til fjórum árum eftir að fyrsti vélbáturinn var gerður út frá verstað höfðu flestir útgerðarmenn eða útvegsbændur skipt yfir í vélar. Þetta gerðist hér við Ísafjarðardúp, þar sem flestir bátar í Bolungarvík voru komnir með vél strax árið 1906. Sama gerðist á Austfjörðum, í Vestmannaeyjum og víðar.“

Erindi Sigurðar Péturssonar var byggt á fyrirlestri sem hann flutti í Neðstakaupstað

á liðnu sumri. Fyrirlesturinn má finna í heild í Vestfirski fróðleikshorninu, sem er einn af undirvefjum bb.is.

„Möllerupsmótorinn“ úr Bolungarvík

Sýningin í Turnhúsinu í til efni aldarafmælis vélvæðingar í íslenskum sjávarútvegi verður þar áfram þegar Byggyðasafn Vestfjarða verður opnað í vor. Hins vegar verður hægt að fá að skoða hana eftir pöntun og samkomulagi enda þótt safnið sjálft sé ekki opið.

Leiddar hafa verið að því líkur, að Möllerup-vélin á sýningunni í Neðstakaupstað sé einmitt sú sem kom til Ísafjarðar í nóvember árið 1902 og sett var í Stanley. Hvorki hefur tekist að sanna það né afsanna, þrátt fyrir talsverða eftirgrennslan. Endalok Stan-

leys urðu þau, að hann rak á land í Skötufirði árið 1908. Í traustri heimild frá 1939 segir:

„Líkindi eru til að vélin úr honum hafi náðst, því í leitirnar hefir komið í Bolungarvík 2ja hestafla Möllerupsmótor, smíðaður 1902, sem síðan hefir verið breytt í landmótor af Th. Thomsen vélsmið, er fyrstur hafði vélaverkstæði í Bolungarvík... Bendir ýmislegt til, að þarna sé einmitt fyrsta íslenska fiskibátavélin...“

Umræddur „Möllerupsmótor“ er einmitt vélin sem gestir á Ísafirði fengu að líta á laugardaginn. Árið 1939 var Jóhann Pétursson kennari við Vélaskólann sendur vestur í Bolungarvík til að sækja vélinna vegna sjávarútvegssýningar. Síðan gekkst Jóhann fyrir því, að hún var falin Þjóðminjasafninu til eignar og varðveislu.



Nokkrir gestanna við opnun sýningarinnar í Byggyðasafninu á Ísafirði á laugardag.

„Vélbátaútgerðin var ekkert minna en upphaf byltingar“

– sagði Þorsteinn Pálsson við hátíðahöldin í aldarminningu fyrsta vélbáts Íslendinga

Þorsteinn Pálsson, sendiherra og fyrrum sjávarútvegsráðherra, var meðal gesta á Ísafirði við hátíðarhöldin á laugardag, en Árni Gíslason formaður á Stanley var langafi hans. Þorsteinn flutti ávarp og sagði m.a.:

„Djúpmenn voru kunnir fyrir harða sjósókn. Þeir vissu að miðin voru gullkista. Árni Gíslason gerði lokakafla árabátaútgerðarinnar hér við Djúp og upphafi vélbátaútgerðarinnar ágæt skil í stuttri en skil-

merkilegri bók, sem hann nefndi Gullkistu með skírskotun til fiskimiðanna hér í Djúpinu. Menn voru að opna gullkistu nýrrar aldar.

Mér er nær að halda að í huga hans hafi vélarkaupin fyrst og fremst átt að létta róðurinn. Og ef til vill sá hann fyrir lítils háttar meiri afla og ef til vill eitthvað bættan hag. En mér er á hitt borðið stórlega til efs, að í huga hans hafi verið bylting atvinnuhátta og lífskjara.

En þegar við lítum til baka,

réttri öld síðar, getur engum blandast hugur um að vélbátaútgerðin var ekkert minna en upphaf byltingar að þessu leyti á Íslandi.

Sameignarmaður Árna Gíslasonar að bátnum Stanley, Sophus Nielsen verslunarstjóri, var efasemdamaður í fyrstu, en sannfærðist síðar við upplýsingu að utan. Margir brostu glettnislega í kampinn þegar báturinn kom úr fyrsta róðri en sáu skjótt að hér voru nýir möguleikar. Og vélbátunum fjölgaði skjótt....

Allir þeir sem gengist hafa fyrir því að þessa atburðar yrði minnst hér í dag með svo sómasamlegum hætti eiga því þakkir skildar. En minning þessa atburðar á ekki heldur að kveldi þessa dags að falla í gleymskuskaut nýrrar aldar. Hann markaði sannarlega meiri þáttaskil í atvinnusögu og Íslendinga allra en svo.

Í því ljósi þykja mér það ánægjuleg tíðindi, sem Jón Páll Halldórsson, formaður Sögufélags Ísfirðinga, hefur tjáð mér, að félagið muni hafa

forgöngu um, í samráði við afkomendur og með tilstyrk frá Alþingi, að reistur verði hér á Ísafirði minnisvarði um þennan atburð. Til þess hefur verið valið verkið Harpa hafnsins eftir Svanhildi Sigurðardóttur myndhöggvara.

Ég hygg að það geti naumast verið tilviljun, að neisti þessara framfara hafi kviknað hér á Ísafirði. Hér var átaka-vettvangur í umróti og gerjun stjórmmálabaráttu þessa tíma. Hér var einnegin uppspretta að ýmsu nýju í menningu og



Þorsteinn Pálsson flytur ávarp sitt í Tjörúhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði. skáldskap. Og hér hafa strengirnir í hörpu hafnsins vissulega ómað skýrt alla tíð.

Að minni hyggju fer vel á því, að listaverkið Harpa hafnsins rísi einmitt hér á miðju söguviðinu og á vettvangi þess mannlífs þar sem rætur þeirra lágu, sem við minnumst hér í dag.“

Þriðja starfsári Skjólskóga á Vestfjörðum að ljúka

260 þúsund plöntur gróðursettar og 22 km af skjólbeltum lagðir út

Senn lýkur þriðja starfsárinu og jafnframt ágætu skógræktarári hjá Skjólskógum á Vestfjörðum. Um þessar mundir stendur yfir uppgjör við skógarbændur á Vestfjörðum en 30 jarðir fá framlög til beinna framkvæmda á þessu ári, alls um 17 milljónir króna. Gróðursettar voru 260.000 skógarplöntur og lagðir út 22 km af skjólbeltum en í þá fóru 44.000 græðlingar. Vestfirskir skógarbændur bíða nú spennir eftir að sjá hvað fjárveitingavaldið hyggst láta renna til verkefnisins á næsta ári.

Gert var ráð fyrir að níu ár tæki að þrepa verkefnið upp í full afköst til að ná settu marki laga um skógræktarverkefni.


Í því felst að rækta fjölnytjaskóg á 5% láglandis á 40 árum. Til að ná fullum afköstum þarf að planta trjám í 700 ha árlega. Til þess þarf árleg fjárveiting að fara yfir 100 milljónir króna en hún er 30 milljónir á þessu ári.

Hjá Skjólskógum eru nú 3,25 stöðugildi. Gera má ráð fyrir að framkvæmdir á bújörðum skapi rúmlega 3 ársverk til viðbótar, auk þeirrar atvinnu sem skapast við framleiðslu plantna og annarra aðfanga í héraði. Framkvæmdastjóri Skjólskóga er Sæmundur Kr. Þorvaldsson í Dýrafirði.

Hannað hefur verið nýtt merki fyrir Skjólskóga á Vestfjörðum.



Starfsmenn Skjólskóga með góðum gesti í skoðunarferð um Mjóafjörð: Hallfríður Sigurðardóttir, Hólmavík, Kristján Jónsson, Ísafirði, Arnlín Óladóttir, Bjarnarfirði, og Sigurður Blöndal á Hallormsstað, fyrrum skógræktarstjóri. Sá fimmti í þessari för var Sæmundur Kr. Þorvaldsson, Dýrafirði, framkvæmdastjóri Skjólskóga á Vestfjörðum, en hann tók myndina.



Vöxtur trjáa á Vestfjörðum er víða með ágætum. Tölurnar sýna árlegan viðarvöxt tveggja trjátegunda í rúmmetrum á hektara. Talið er að hann þurfi að vera að lágmarki 3-4 rúmmetrar á hektara á ári til að skógrækt teljist arðbær.



Störtum jólu föstudaginn 2

Ymsar upptökur alla helgina! Heppnir viðskiptavinir fá glaðning! Vörukynningar og tilboð!



Stærsta jóluþrátturinn í Reykjavíki

Perakjöt og lífrætt



Stærsta jóluþrátturinn í Reykjavíki

Stærsta jóluþrátturinn í Reykjavíki

Stærsta jóluþrátturinn í Reykjavíki



ALLT TIL KRANSAGERÐAR
ÓKEYPIS KENNSLA ALLA HELGINA

HELJARTILBOÐ:
FALLEGT NORÐLANDSGREINI,
30% AFSLÁTTUR PÍLÁ VEGGINU
SÍÐAN Í FYRRA
THULA, HUSKUS OG SILKIPURA,
RÖSATELJÓD ÖFT ÁRIÐ

Ísland - 400 40 000 1000
www.riemalinn.is
Eldgjafi - 400 40 000 1000
Kjöldi - 400 40 000 1000



Grunnmeðlög svikur endan!


/SAMKAUP/

gull og júst

Hálfarstræti 9-13 • Sími 406 3400



Frummy í Neista 29. nóvember




Ný sending af bókom frá DCU heint frá Italia
 (Ólafur af málfræði)
 Miki af skátti og áhrifsgætt frá DCU IN A BUCKET
 Jónasóknarir á milli frá DCU DCU
 Einn af bestu allar gjafabókum frá
 DCU og
 Tilvísir í jónasóknir
 Það hefur jónasóknir
 af þessu á milli og
 þessu frá DCU og þessu




Al þú um heila verða of þú þú – FRUMMYND, líf og sjálfur þú

ALVÖRU HEIMABIÓTILBOÐ SONY

- 1. Sony Cyber-shot
- 2. Sony Cyber-shot
- 3. Sony Cyber-shot
- 4. Sony Cyber-shot




- 1. Sony Cyber-shot **kr. 1.999.000,-**
- 2. Sony Cyber-shot **kr. 2.499.000,-**
- 3. Sony Cyber-shot **kr. 2.999.000,-**
- 4. Sony Cyber-shot **kr. 3.499.000,-**



FRUMMYND ehf
 KONGSÚG - TÖPUL - TÖPUL

CELESTIALIA
 A series of...
 TELEVISION...



Celestialia...
 Celestialia...

Vindur frá DCU - **TL 900 KR 1.999,-**

Vindur frá DCU...
 Hver er besti þú?

Hvar er besti þú?
 30% af...
 dagur 20 kr. og...

Verðlaun veitt fyrir ljóð og sögur nemenda

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í Grunnskólanum á Ísafirði á föstudaginn fyrir viku enda lítið um skólastarf á hinum eiginlega hátíðisdegi sem var á laugardaginn. Deginum var m.a. fagnað með því að veita verðlaun fyrir þau verk sem þóttu skara fram úr í Smásagna- og ljóðasamkeppni skólans í síðasta mánuði. Keppnin var haldin í fyrsta sinn á síðasta ári og þótti takast með ágætum og stefnt er að því að hún verði árlegur viðburður í skólastarfinu framvegis.

Allir nemendur skólans, að undanskildum fyrsta bekk, geta tekið þátt í keppninni. Þátttakan var mjög góð í öllum árgöngum nema hjá unglingunum í 8.-10. bekk. Eflaust eru ýmsar skýringar á dræmri þátttöku þeirra, aðrar en skortur á hæfileikum. Menn bera við annrki, feimni og ýmsu fleiru sem vonast er til að unnið verði bugur á fyrir næstu keppni.

Allir sigurvegaramir fengu veglega bók að launum eins og telja má við hæfi. Að sjálf-sögðu var tækifærið notað til að hampa öðrum sigurvegara

úr annarri rithöfundakeppni, því að margir verðlaunahafarnir fundu í pakkanum sínum bókina Ferðin til Samiraka eftir Hörpu Jónsdóttur sem er kennari við Grunnskólann á Ísafirði og handhafi Íslensku barnabókaverðlaunanna árið 2002.

Í smásagna- og ljóðakeppninni litu dagsins ljós mörg frambærileg verk, sem aðstandendur keppinnar telja vel eiga erindi á prent, og verður úrval þeirra ásamt verðlaunaverkunum gefið út í kveri sem innan skamms verður fánlegt í Bókhöfundunni á Ísafirði. Slíkt kver var gefið út á síðasta ári og er enn fánlegt í skólanum fyrir 300 krónur. Andvirði kversins rennur óskipt í verðlaunasjóð, sem einnig er fjármagnaður með styrkjum frá fyrirtækjum. Að þessu sinni styrktu Sparisjóður Vestfirðinga og Íslandsbanki verðlaunasjóðinn.

Í Grunnskólanum á Ísafirði er mikið keppnisfólk. Um leið og Smásagna- og ljóðasamkeppninni lauk í dag var Stóra upplestrarkeppnin sett en hún nær til allra nemenda í 7. bekk. Grunnskólinn á Ísafirði tekur nú þátt í henni í fjórða sinn en

hún fer fram um allt land. Keppnin hefst ævinlega á Degi íslenskrar tungu og þar með hefst undirbúningur og þjálfun. Í lok janúar fer fram upplestrarkeppni innan hvers skóla og í mars munu Ísfirðingar keppa við jafnaldra sína frá Flateyri, Suðureyri, Þingeyri, Súðavík og Bolungarvík. Þá verða valdir þrjú sigurvegarar sem hljóta peningaverðlaun.

Markmiðið með Stóru upplestrarkeppninni er að allir sem einn leggi rækt við góðan upplestur og skýra framsögn, efla þannig sjálföruggi og búi fólk undir að flytja mál sitt fyrir hópi fólks. Á undanförunum árum hafa nemendur Grunnskólans á Ísafirði náð ótrúlega góðum árangri í þeirri íþrótt. Afrakstursins var notið á hátíðinni á föstudag, því að nemendur sem skoruðu fram úr í upplestrarkeppninni á síðasta ári lásu verðlaunaverkin



Kátir krakkar í Grunnskólanum á Ísafirði með viðurkenningarnar sínar.

í Smásagna- og ljóðasamkeppninni fyrir skólasystkini sín og gerðu það með miklum sóma.

Á myndinni sem hér fylgir eru verðlaunahafarnir Guðrún Arnardóttir, Haukur Ingibjartsson, Andrés Hjörvar Sigurdsson, Anna María Stefánsdóttir, Linda Kristín Grétarsdóttir, Áslaug Aðalsteinsdóttir, Jóhanna María Sigmundsdóttir, Hjörtur Ólafsson, Arnar Ingi Einarsson og Fjóla Aðalsteinsdóttir. Í hópinn vantar nokkra af verðlaunahöfunum en sumir voru veikir heima en aðrir farnir í íþróttatíma eða annað þegar myndin var tekin. Nöfn allra verðlaunaverka og

verðlaunahafa eru hins vegar hér:

Ljóðið Sólin eftir Guðrúnu Arnardóttur, 2.I. Sagan Spori eftir Hauk Ingibjartsson, 2.I. Ljóðið Sokkarnir eftir Andrés Hjörvar Sigurdsson, 3.A. Sagan Konan og álfadregurinn eftir Önnu Maríu Stefánsdóttur, 3.H. Ljóðin Fuglasöngur eftir Agnesi Ósk Marzelliusardóttur, 4.M. og Norðurljóð eftir Hermann S. Hreinsson, 4.M. Sagan Kalli á seglbretti eftir Snorra Sigbjörn Jónsson, 4.B. Ljóðin Ljóð eftir Lindu Kristínu Grétarsdóttur, 5.H. og Gulur penni eftir Daníel Örn Kristjánsson. Sagan Skrítni maðurinn eftir

Áslaugu Aðalsteinsdóttur.

Ljóðið Elding eftir Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, 6.HG. Sagan Erfiður fjallgöngudagur eftir Hjört Ólafsson, 6.HG. Ljóðið Skaginn eftir Arnar Inga Einarsson, 7.B. Sagan Með ofurkrafta í einn dag eftir Fjólu Aðalsteinsdóttur, 7.S. Ljóðið Að eldast eftir Baldur Þ. Sigurlaugsson, 8.L. Ljóðið Lífi eftir Hildi Dagbjörtu Arnardóttur, 10. MM. Sagan Blátt eftir Hildi Dagbjörtu Arnardóttur, 10. MM.

Engin verðlaun voru veitt í 9. bekk enda var þátttaka lítil í þeim árgangi.

Fjárfrekar lagfæringar á Þingeyrarkirkju

Kostnaðurinn kominn yfir 20 milljónir króna

Sóknarnefnd Þingeyrar-sóknar hefur leitað til bæjar-yfirvalda í Ísafjarðarbæ eftir fjárframlagi til endurbyggingar Þingeyrarkirkju. Upphæð er ekki tiltekin en „vís- að til hliðstæðu við framlög til Ísafjarðarkirkju undanfarin ár, að teknu tilliti til aðstæðna“. Í greinargerð með málaleitan sinni til bæjar-yfirvalda segir sóknarnefndin:

„Eins og háttvirtri bæjarstjórn mun vera kunnugt voru á síðasta ári hafnar viðamiklar endurbætur og viðgerðir á sóknarkirkjunni á Þingeyri... Um nokkurt árabil hafa staðið til viðgerðir á kirkjunni, en ekki þótti fært að hefja þær fyrir en nokkurt fé lægi fyrir eða loforð um styrki. Klæðning sem sett var á kirkjuna fyrir rúmum áratug reyndist end-ingarlaus. Þak kirkjunnar, turn og klukknaport reyndust þarfnast gagngerðrar viðgerðar. Einnig er knýjandi að fara að huga að endurbótum innanhúss.

Á árinu 2001 var ráðist í endurbætur utanhúss. Í samráði við Húsafríðunarnefnd var smíðuð ný turnspíra á kirkjuna, ásamt trékrossi eins og var á henni í upphafi.



Þingeyrarkirkja.

Skipt var um þakjárn á henni, einangrun í þaki endurnýjuð og ný viðarklæðning sett. Í klukknaporti voru nokkrir burðarviðir endurnýjaðir og á það sett ný viðar- og járnklæðning. Gluggar í því endurnýjaðir. Hin gallaða klæðning á veggjum kirkjunnar fjarlægð og kirkjan múruð upp á nýtt í upphaflegri gerð.

Að lokum skal þess getið, að í fávíðri sem gekk yfir á síðasta hausti skóf rokið svo

grjótt úr götunni, að göt komu á nær 30 rúður í gluggum á suðvesturhlíð kirkjunnar, þar sem á götuna var ekki þá komið bundið slitlag. Aðeins bráðabirgðaviðgerð hefur farið fram á þeim. Það er samdóm álit sérfræðinga Húsafríðunarnefndar ríkisins, sem og sóknarinnar, að vel hafi tekist til og kirkjan nú eins lík sinni upphaflegu gerð og kostur er.

Kostnaður við þessa endur-

byggingu er orðinn verulegur og mun meiri en áætlað var í upphafi. Ljóst er að svo fámennur söfnuður sem Þingeyrarsöfnuður verður lengi að greiða hann upp. Þrátt fyrir góða styrki frá Húsafríðunarsjóði og Jöfnunarsjóði kirkna er söfnuðurinn með umtalsverða skuld.

Framkvæmdum er heldur engan veginn lokið. Ólukið er að ganga frá umhverfi kirkjunnar og skipta um gler í gluggum. Þá stendur fyrir dyrum að huga að viðhaldi innanhúss, sem þó verður ekki farið í fyrr en áður-nefndar skuldir eru uppreiddar. Á árinu 2001 var viðgerðarkostnaður kr. 20.870.324, auk þess komu nokkrir reikningar á árið 2002, sem ekki er búið að taka saman.“

Undir erindið rita, auk sr. Guðrúnar Eddu Gunnarsdóttur, sóknarprests, þau Sigríður Helgadóttir, Ragnar Ólafur Guðmundsson, Sigurða Pálsdóttir, Þorbjörg Gunnarsdóttir og Bergur Torfason.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fjallaði um ofangreint erindi sóknarnefndar á fundi sínum í síðustu viku.



Atvinna

Óskum eftir rafmagnstækni-fræðingi eða rafvirkja til starfa. Þarf að hafa reynslu í hönnun og forritun á plc-stýringum.

Óskum einnig eftir vönum stálsmiðum til starfa.

Upplýsingar gefur Jóhann Jónasson í síma 456 5079 eða á staðnum.

Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 4. desember.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Mjólkurframleiðsla og mjólkur-samlag að syngja sitt síðasta?

Bændur á sex bæjum í Önundarfirði og Súgandafirði hafa ritað bæjaryfirvöldum í Ísafjarðarbæ og óskað eftir stuðningi bæjarfélagsins við mjólkurframleiðslu. Fram kemur í erindi þeirra, að þeir telja að mjólkurframleiðsla á norðanverðum Vestfjörðum og mjólkursamlagið á Ísafirði muni leggja af, verði ekkert að gert innan mjög skamms tíma. Bréfritarar binda helst vonir við lánsfjármagn á hagstæðum kjörum frá Lánasjóði landbúnaðarins, Bygðastofnun og Ísafjarðarbæ og segja nauðsynlegt að einhver

þessara aðila ríði á vaðið. „Afgreiðsla þessara þriggja aðila á málinu ræður úrslitum um framtíð greinarinnar á okkar svæði“, segir í erindi bændanna.

Í bókun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar segir að ráðið telji, að komi til lánveitinga sé Ísafjarðarbæ óheimilt að lána fjármagn án vaxta og verðbóta, eins og óskað er. Ráðið telur sér ekki fært að taka ákvörðun í þessu máli fyrr en fyrir liggja frekari upplýsingar um aðkomu Bygðastofnunar að málinu.

„Eins og bæjarstjórn er

kunnugt“, segir í bréfi bændanna, „þá hafa farið fram umræður um nauðsyn þess að tryggja áframhaldandi mjólkurframleiðslu á norðanverðum Vestfjörðum og rekstur mjólkursamlags á Ísafirði. Allir þeir sem munu hugsanlega koma að málinu hafa nú þegar allar upplýsingar um hvert horfir að óbreyttu. Það er að mjólkurframleiðsla og mjólkursamlag leggst af ef ekkert er gert innan mjög skamms tíma til þess að færa mjólkurframleiðsluna í nútímalegt rekstrarform sem

viðast. Jafnframt er þekkt að

slíkt verður ekki gert nema viðkomandi framleiðendur sem hyggja á breytingar og aðrir sem kunna að byggja síðar fá stuðning hins opinbera til framkvæmdanna. Stuðningur getur verið í formi beinna styrkja og/eða í formi hagstæðra lána.

Helstu fjármögnunarmöguleikar eru: Lán frá Lánasjóði landbúnaðarins, helst allt á 3,43% vöxtum, lán frá Bygðastofnun, einnig á hagstæðum kjörum, og stuðningur frá Ísafjarðarbæ. Nauðsynlegt er að einhver þessara aðila ríði á vaðið og ákveði sína aðkomu.

Undirrituð óska því eftir að fá upplýst hvers er að vanta sem lágmarksstuðningur sveitarfélags. Við viljum jafnframt gera að tillögu okkar að stuðningur sveitarfélags verði sá, að það láni allt að kr. 80 á hvern lítra greiðslumarks sem kann að verða keyptur samfara verulegum nýframkvæmdum við fjósbyggingar í samræmi við nútímakröfur. Lánin endurgreiðist á átta árum. Endurgreiðsla hefst á tveimur árum liðnum frá upphafi hvers láns. Lánin verði vaxtalaus og óverðtryggt.

Ljóst er að hér er beðið um töluverðan stuðning en jafnframt er okkur ljóst, að það er einfaldlega góður fjárhagslegur kostur fyrir sveitarfélagið, miðað við að þessi atvinnuþáttur með margfeldisáhrifum hverfi annars hér úr byggðum.

Stuðningur þessi myndi jafnframt hvetja Lánasjóð landbúnaðarins og Bygðastofnun til þess að koma vel að málinu. Afgreiðsla þessara þriggja aðila á málinu ræður úrslitum um framtíð greinarinnar á okkar svæði.“

Stuðningur við Gamla apótekið

„Mikil viðurkenning og hvatning“

– segir Halldór Hlöðversson forstöðumaður

Rekstrarfjármagn sem stjórnvöld í samvinnu við Ísafjarðarbæ hafa ákveðið verið að setja í starf Gamla apóteksins á Ísafirði og hér hefur verið greint frá, mun létta mjög á rekstri þess og gera það að verkum að meira „púður“ fer í innra starf þess en áður. Þetta er niðurstaða Halldórs Hlöðverssonar, forstöðumanns Gamla apóteksins.

„Eitt er þó klárt og ætti að vera öllum ljóst, að um mikla viðurkenningu og hvatningu er að ræða. Með þessari styrkveitingu er verið að segja að

það frumkvöðlastarf sem Gamla apótekið hefur unnið sé gott fordæmi og góð fyrirmynd fyrir landið allt“, segir Halldór.

„Á tímamótum sem þessum er vert að líta um öxl“, segir hann enn fremur. „Það eru margir búnir að leggja hart að sér að gera Gamla apótekið að því sem það er í dag. Má þar nefna fyrrverandi forstöðumenn, allt unga fólkið sem lagt hefur hönd á plóg og fyrirtæki, einstaklinga og aðra sem styrkt hafa verkefnið með einhverju móti.“

Efnisríkt og vandað Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 2002 komið út

Upphaf vélvæðingar í sjávarútvegi og fyrsta Færeyjaflugíð

Út er komið Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 2002, ferðugasti og annar árgangur. Efni þess er mjög vandað og fjölbreytt að venju. Má þar fyrst nefna samantekt eftir Jón Þ. Þór sagnfræðing um upphaf vélvæðingar í íslenskum sjávarútvegi. Til efnið er að þessa dagana er rétt öld liðin frá þeim sögulega atburði, þegar fyrsta vélin var sett í íslenskan bát. Þar er um að ræða sexæringinn Stanley á Ísafirði, sem þeir Árni Gíslason og Sophus J. Nielsen áttu. Lokið var við að setja vélina í bátinn 25. nóvember 1902 og var hann þá settur á flot og farið í reynsluferð frá Ísafirði til Hnífsdals.

Jón Páll Halldórsson fræðimaður ritar um fyrsta Færeyjaflug Íslendinga og Færeyjafærð ísfriskra íþróttamanna árið 1949. Heimir G. Hansson sagnfræðingur og safnvörður á Ísafirði segir frá óhappfleyinu Skarphéðni, sem fórst við Hjaltland árið 1884, og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir sagnfræðingur á Ísafirði fylgir úr hlaði frásögn Þorbjarnar Þórðarsonar læknis af læknisvitjun að Dröngum í Árneshreppi árið 1902.

Geir Guðmundsson fræðimaður og safnvörður í Bolungarvík ritar um hreppsverslunina í Bolungarvík 1917-1919, dr. Ólafur Halldórsson handritasérfræðingur ritar um og býr til prentunar Ágrip um ætt og



Úr Ársriti Sögufélags Ísfirðinga 2002: Katalínaflugbátur kemur til lendarar á Pollinum á Ísafirði. Ljósmynd: Jón Páll Halldórsson.

æfi Jóns bónda Íslendinga eftir séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal og Einar Jónsson fiskifræðingur frá Núpi í Dýrafirði fjallar um tvo garða forna við Núp.

Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur og Erna Sverrisdóttir bókmenntafræðingur segja frá tveimur ástarbréfum frá öndverðri 19. öld, Lýður Björnsson sagnfræðingur ritar samantekt sem nefnist Flatey verður verslunarstaður og Kristján Bersi Ólafsson fyrrum skólameistari fjallar um kennararáðningar á Ísafirði 1920-1924 og afskipti fræðslumálastjóra af þeim.

Fremst í Ársritinu er í minningu Guðmundar Inga heitins Kristjánssonar á Kirkjubólí birt ljóð um hann eftir Garðar Halldórsson, sem flutt var á hátíðarkvöldvöku í Króks-

fjarðarnesi árið 1983 þegar Guðmundur Ingi lét af formennsku í Búnaðarsambandi Vestfjarða. Einnig er í ritinu sýrpa af gömlum ljósmyndum úr ýmsum áttum.

Ársrit Sögufélags Ísfirðinga kom fyrst út árið 1956 og heildarfjöldi lesmálssíðna er nú kominn yfir sjö þúsund. Ársritið geymir fjölbáttan fróðleik um sögu Ísafjarðarsýslna og Ísafjarðarkaupstaðar að fornu og nýju. Það er því kjörið lestrarefni fyrir alla þá sem vilja kynna sér horfið þjóðlíf og menningarsögu þessa landshluta. Ritið er nú fánlegt frá upphafi, ýmist í frumprenti eða ljósprentað. Þeir sem vilja gerast félagsmenn í Sögufélagi Ísfirðinga geta haft samband við Geir Guðmundsson, Vitastíg 16 í Bolungarvík, og verður ritið



Jón Páll Halldórsson. Þá sent um hæl. Félagsmenn geta einnig fengið eldri árganga eftir því sem þeir óska.

Formaður Sögufélags Ísfirðinga er og hefur lengi verið Jón Páll Halldórsson, fræðimaður og áður lengstum framkvæmdastjóri á Ísafirði.

Ýtt úr vör



Fimmtudaginn 28. nóvember stendur Atvinnupróunarfélag Vestfjarða fyrir stuttu námskeiði sem ber heitið „Hvað geri ég við viðskiptahugmynd?“ Námskeiðið er hið fyrsta í röð námskeiða sem félagið stendur fyrir nú í vetur undir yfirskriftinni Ýtt úrvör.

Þetta fyrsta námskeið er endurgjaldslaust. Við hvetjum alla þá sem áhuga hafa á því að hefja eigin rekstur, eða eru nú þegar í rekstri og vilja bæta við þekkingu sína, til þess að mæta. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Atvinnupróunarfélags Vestfjarða www.atvest.is

Námskeiðið hefst kl. 20:00 í sal Próunarseturs Vestfjarða, Árnagötu 2-4, Ísafirði.

Atvinnupróunarfélag Vestfjarða.

Sonja

– Líf og leyndardómar

– kafli úr metsölubók Reynis Traustasonar, þar sem greinir frá vestfirskum uppruna söguhetjunnar Sonju de Zorrilla

Líf heimskonunnar Sonju Wendel Benjamínsson de Zorrilla hefur verið sveipað dulúð. Hún lagði ung af stað út í heim, full af ævintýraþrá og glæstum vonum. Hún dvaldist í Þýskalandi á valdatíð Hitlers og kynntist þar bæði verðandi fyrirmönnum og fórnarlömbum. Skömmu síðar hélt hún til London þar sem hún lifði hinu ljúfa lífi innan um hina ríku og frægu. Í París komst Sonja í kynni við ýmsa frægustu tískuhönnuði heims en eftir að heimsstyrjöldin síðari brast á komst hún með naumindum með skipi til New York. Þar bjó hún lengst af ævinnar og haslaði sér völl í karlaveldinu á Wall Street og kynntist ýmsu af frægasta fólki heimsins. Sonja var fögur og hrifandi kona sem hafði gaman af að umgangast fólk. Um sambönd hennar við karlkynið hafa myndast ýmsar sögur og sumar þeirra sannar. Um tveggja ára skeið átti Sonja í eldheitu ástarsambandi við Aristotle Onassis, grískan skipakóng sem giftist Jacqueline Kennedy. Síðar giftist hún Alberto Zorrilla, bráðmyndarlegum Ólympíumethafa og töfrandi tangódansara frá Argentínu. Alla tíð fylgdi Sonja þeirri bjargföstu skoðun sinni að konur ættu að taka örlög sín í eigin hendur. Hún bjó yfir miklu hugrekki og frelsisþrá, stundaði myndlist, ræktaði með sér ótvíraða viðskiptahæfileika og varð vellauðug. Í þessari ótrúlegu bók sem Reynir Traustason færði í letur segir hún á hispurslausan hátt frá langri og litríkri ævi sinni, kynnum sínum af sumu af ríkasta fólki veraldar og frá því þegar hún sneri aftur til Íslands til að eyða þar ævikvöldinu með útsýni til íslenskra fjalla. Þessi bók er saga um ævintýri og ástir heimskonu sem setti sjálfstæði sitt ofar öllu öðru.

Vestfirskar rætur

Rætur mínar eru vestfirskar og til Vestfjarða hugsa ég oft, því að þrátt fyrir að ég hafi sjaldan komið þangað er ég nátengd þessu harðbýlasta svæði Íslands, enda voru foreldrar mínir ættaðir að vestan. Pabbi var frá Marðareyri við norðanvert Ísafjarðardjúp en mamma frá Þingeyri við Dýrafjörð. Ég er afar stolt af uppruna mínum og veit að lífsbarátta forfeðra minna var hörð og óvægjin.

Faðir minn, Ólafur Benjamínsson stórkaupmaður, var fæddur 19. september árið 1878 og dáinn 8. október árið 1936. Hann var frá Marðareyri við Veiðileysufjörð í Jökulfjörðum. Faðir hans og afi minn var Benjamín Einarsson útvegsbóndi. Benjamín var talinn dugnaðarmaður og hann var um skeið oddviti Grunnavíkurbrepps. Föðuramma mín var Hansína Elísabet Tómasdóttir, sem fæddist í Nesi í Grunnavík, en foreldrar hennar voru Tómas Ásgrímsson frá Furufirði á Ströndum og Rebekka Jónsdóttir.

Fjölskyldan á Marðareyri varð fyrir hræðilegu áfalli



Sonja með fokdýrt gullúr sem Onassis gaf henni og hannað var af Van Cleef, einum þekktasta skartgripahönnuði heims.

þann 4. mars árið 1891 þegar Benjamín afi fórst. Pabbi minn var þá aðeins þrettán ára gamall. Slysið bar þannig að höndum að koma þurfti gesti frá Marðareyri til Kvía. Afi flutti gestinn á bátnum Þorski ásamt Sigurði Stefánsyni heimiliskennara. Þegar þeir voru á bakaleið og áttu stutt eftir í Marðareyrorodda skall á hvöss vindhviða og bátnum hvolfði. Hansína amma mín var heima ásamt fleiri konum en þær gátu ekkert aðhafst og þarna horfði hún hjálparvana á mann sinn drukkna.

Hansína amma var í blóma lífsins, aðeins rúmlega fertug, þegar maður hennar fórst. Hún giftist aftur tveimur árum síðar, árið 1893, vinnumanni sínum, Jóni Guðmundssyni, sem var tuttugu árum yngri en hún. En raunum ömmu var ekki lokið því sama ár, þann 9. nóvember, hlaut Jón sömu örlög og Benjamín afi og drukknaði.

Ég get ímyndað mér hve djúp sorg hennar var eftir að hafa séð á bak tveimur eiginmönnum í hafið. En henni féllust ekki hendur og þegar Norðmenn og Danir hófu

stórfelldan atvinnurekstur í Jökulfjörðum greip hún tækifærið.

Stóriðja í Jökulfjörðum

Árið eftir að Jón Guðmundsson fórst sigldi gufuskip inn fyrir Hesteyri og kastaði ankerum rétt utan við Stekkeyri. Þegar var hafist handa við að flytja í land vélar og byggingarefni. Það spurðist út með leifturhraða að hvalstöð ætti að rísa í sveitinni. Það var komin stóriðja í Jökulfirði. Ásgeirsverslun á

STAKKUR SKRIFAR

Óvissa um framboð

Prófkjóri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík lauk á laugardaginn. Niðurstaða þess var einkar athyglisverð fyrir ýmissa hluta sakir. Sú ályktun verður dregin hér, að eftirmál prófkjörs í Norðvesturkjördæmi hafa haft þau áhrif í Reykjavík, að framboðendur í prófkjöri hafi farið fram af nokkru meiri hógværd en ella hefði mátt búast við. Hvort sem sú er raunin eður ei urðu niðurstöður prófkjörs í Reykjavík einkar athyglisverðar fyrir tvennar sakir. Hið fyrra er að ungir karlar náðu góðum árangri. Hið síðara er eftirtekt vakti var hve konur virtust eiga erfitt uppdráttar. Sú þeirra sem bestum árangri náði, Sólveig Pétursdóttir dómsmálaráðherra, hlaut fimmta sætið, er mun væntanlega tryggja henni þriðja sætið á lista Davíðs Oddssonar. Aðrar konur voru mun neðar. Upp úr stendur að unga kynslóðin hefur hafið innreið sína.

Hvers vegna eru úrslit prófkjörs í Reykjavík gerð að umræðuefni hér? Svárið er á þá lund, að það sé gert vegna þeirrar staðreyndar að enn eru ekki öll kurl komin til grafar vegna þeirra vandræða er hlutust af framkvæmd prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Endurtalning hefur farið fram og leiddi ekki fram neitt nýtt, enda vart við því að búast. Engu að síður eru ekki allir sáttir og nægir að benda á mikla óánægju Vilhjálms Egilssonar. Svo á miðstjórn Sjálfstæðisflokksins eftir að fjalla um málið og komast að niðurstöðu. Hverjir eru kostir hennar í stöðunni? Prófkjórið hefur farið fram. Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur lýst þeirri skoðun sinni að ekki

sé fýsilegt að endurtaka prófkjörið.

Það er öllum augljóst, að sú leið er fremur ólíkleg til þess að þjappa mönnum saman. Yrði hún farin mætti búast við því að hefndarsjónarmið réðu kosningabaráttu fremur en samstaðan, sem er landsbyggðinni einkar brýn um þessar mundir. Engu að síður er ljóst að framkvæmd þessa prófkjörs virðist hafa verið haldin nokkrum göllum, sem erfitt kann að vera að mæla, að minnsta kosti verður aldrei séð með fullri vissu hver áhrif utan-kjörfundaratkvæðagreiðslunnar umdeildu urðu. Að auki má búast við því að sjónarmið um aukinn hlut kvenna kynnu að hafa einhver áhrif við endurtekt prófkjörs. Miðstjórn á eftir að segja sitt, en hún er í vandasamri stöðu, og kjördæmisráðið hefur síðasta orðið varðandi uppstillingu. Kjósandinn á að lokum síðasta orðið í kjörklefanum. Sú staðreynd undirstrikar hve vandmeðfarið málið er í heild sinni.

Á sama tíma er framsóknarmaðurinn Kristinn H. Gunnarsson óánægður með annað sætið og Samfylkingarmaðurinn Karl V. Matthíasson orðinn herskár og krefst þriðja sætisins í sínum flokki. Vart verður því annað sagt en að nokkur óvissa ríki enn varðandi framboðsmál í Norðvesturkjördæmi. Því má heldur ekki gleyma, að ekkert er ljóst um Vinstri græna enn. Við því er að búast að óskir um framgang ungs fólks á framboðslistum til Alþingis eigi enn eftir að aukast.

SPURNINGIN

Spurt var:
Telurðu að sýningar á hnefaleikum hvetji til líkamsárása?


Alls svöruðu 1.076
Já sögðu 540 eða 50,19%
Nei sögðu 504 eða 46,84%
Velt ekki sögðu
32 eða 2,97%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Par sem púlsinn slær...

bb.is

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarlins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.




GJÖF SEM
VEITIR YLI
OG GLEÐI

MINKAPELSAR
TREFLAR
EYRNABÖND
HATTAR

JAKOBS PELSAR

Skólavörðustíg 2
S: 544 8880

Opðir mán. - hóf. 12-18 og laug. 11-15

VESTFIRÐINGAR

Verð með sölusýningu í
verslunarmiðstöðinni Neista
föstudaginn 29. nóv. kl. 13-22
og laugardaginn 30. nóv. kl. 10-14

GLÆSILEGT ÚRYVAL MINKAPELSA

Cambridge ISLAND

**NYTT
Á ÍSLANDI**

Trúir þú á kraftaverk?

Loksins á Íslandi!
Cambridge kúrin er
komin fyrir þá sem
vilja nýja vaxtamótun.
Cambridge kúrin eru
súpur og drykkir sem
innihalda öll steinefni og
vitamín. Í einum þoka er
aðeins 459 kkal. per dag, fyrir
þá sem velja hreinan kúr.

Cambridge kúrin er
fullkominn máltíð sem
gefur orku og skjótan
árangur.

Það finnst enginn annar kúr
sem brennir þínu hraðar en
Cambridge kúrin hann er
samsettur af þögum
kolvetnum.



Cambridge KÚRINN

Bragðtegundir

- súkkulaði
- cappuccino
- kjúklingasúpa
- og margar aðrar
tegundir sem koma síðar.



Duftið blandast með heitu eða köldu vatni í hristara eða
blandara létt að taka með sér hvert sem er.

Framleiðandi
Cambridge Manufacturing Co Ltd.
Stofnandi Cambridge er Alan Howard prófessor við Cambridge
University á Englandi. Howard er alþjóðlega viðurkennur sérfræðingur
í næringarfræði, hjartasjúkdómum og yfirvigt.



18 ÁRA
álfmörk

Cambridge Ísland
Sími 436 1414
Gsm 661-4105 Þórunna
Gsm 661-4109 Katrín
Netfang: vaxtamotun@vaxtamotun.is
Heimasíða: www.vaxtamotun.is
VISA/ EUROCARD
Sendum í póstkröfu.

**Nýkomið
mikið
úrval
af
fatnaði**

*All I want
for Christmas...*

FRANSA 

Hafnarbúðin
Sími 456 3245

*Rúm og
heilsudýnur*



Queen

R.B. rúm án gaffs
Stærð 150x200

Verð stgr. kr. 64.600



Rafmagnsrúm

Verð frá kr. 99.000

Erum söluaðilar fyrir:
Betra Bak, Lystadún, Maskó, Kósý,
Ragnar Björnsson ehf. og TM-húsgögn



HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4566 • SKRIFDI 1 • 400 ISAFJÖRDUR

Skartgripasýning

*Dýrfinna Þorðadóttir
verður með sýningu í Faktorshúsinu
laugardaginn 30. nóv. kl. 16-18*

*Allir hjartanlega
velkomnir*

Ath! Engin sérstök boðskort



HAFNARSTRÆTI 4
SÍMI 456 3460



Átta milljón króna höfuðstóll í Styrktarsjóði vélstjóra í Ísafjarðarbæ

Allar eignir Vélstjórafélag Ísafjarðar lagðar fram sem stofnfé

Eignir Vélstjórafélag Ísafjarðar, sem nú hefur verið lagt niður með sameiningu við Vélstjórafélag Íslands, eru stofnfé Styrktarsjóðs vélstjóra í Ísafjarðarbæ, sem stofnaður var á laugardag. Eignir félagsins við slit þess námu átta milljónum króna og veitti Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, stofnskrá styrktarsjóðsins viðtöku úr höndum Guðmundar Þórs Kristjánssonar, síðasta formanns Vélstjórafélag Ísafjarðar, og Helga Lax-

dal, formanns Vélstjórafélag Íslands.

Afhendingin fór fram í Verkmenntahúsi Menntaskólans á Ísafirði. Þar var síðari hluti hátíðarhaldanna í tilefni þess að öld er liðin frá því að fyrst var sett vél í íslenskan fiskibát, sexæringinn Stanley á Ísafirði.

Um þessar mundir er þess ekki aðeins minnst, að hundrad ár eru frá því að fyrsta vélin var sett í íslenskan bát. Hér er einnig um að ræða hundrad ára afmæli vélstjóra-



Frá afhendingu stofnskrárinnar. F.v. Guðmundur Þór Kristjánsson, Ólína Þorvarðardóttir, Helgi Laxdal, Guðmundur Einarsson, vélfræðikennari og Friðbjörn Óskarsson, vélstjóri.

stéttarinnar á Íslandi.

Vélstjórafélag Ísafjarðar var stofnað árið 1937 og sagði í lögum þess, að yrði félagið lagt niður skyldu eignir þess ganga til menntunar vélstjóra í héraði. Stofnun styrktarsjóðsins er lokahnykkurinn á sameiningarferli félagsins við Vélstjórafélag Íslands, sem tekið hefur nokkur ár. Guðmundur Þór Kristjánsson var formaður Vélstjórafélag Ísafjarðar síðustu fjögur ár þess og var eitt af helstu viðfangs-

efnum hans að sameina félagið Vélstjórafélagi Íslands. Í stofnskrá Styrktarsjóðs vélstjóra í Ísafjarðarbæ segir m.a.:

Stofnandi sjóðsins er Vélstjórafélag Íslands og leggur félagið fram stofnfé sem er 8 milljónir króna, sem er óskerðanlegur höfuðstóll sjóðsins. Markmið sjóðsins er að styrkja og efla kennslu á sviði vélstjórnar við Menntaskólann á Ísafirði. Markmiðum sínum skal sjóðurinn m.a.

ná með eftirfarandi hætti:

Efla kynningu á vélstjórnargreinum við Menntaskólann á Ísafirði. Styrkja kaup á kennslugögnum og búnaði til nota við kennslu í vélstjórnargreinum við Menntaskólann á Ísafirði. Efla samstarf við aðrar menntastofnanir sem hafa með höndum kennslu í vélstjórnargreinum. Efla símenntun á sviði vélstjórnargreina í samstarfi við fyrirtæki og aðrar menntastofnanir.

Auknar öryggisráðstafanir á Óshlíð og Súðavíkurhlíð

Hliðum lokað þegar bráð hættu er á snjóflóðum

Starfsmenn Vegagerðarinnar á Ísafirði settu í síðustu viku upp hlið beggja vegna á vegunum um Óshlíð og Súðavíkurhlíð. Hér er um járngrindahlið að ræða sem verða notuð til þess að loka vegunum ef mikil snjóflóðahætta skapast. Hingað til hafa verið notuð ýmis vegavinnutæki, heflar, gröfur og slíkt til að loka vegunum. Bíræfnir öku-

menn hafa átt það til að hunsalokunina og fara framhjá tálmunum. Þess eru dæmi að menn sem slíkt hafa gert hafa lent í vandræðum, auk þess sem þeir stofna björgunarmönnum í hættu, auk sjálfra sín, ef þeir sitja fastir þar sem bráð flóðahætta er eða lenda í snjóflóði.

„Hugmyndin er sú, að þegar svonefnt varúðarástand skapast, þ.e. þegar við teljum að

hætta sé á snjóflóðum, þá verði sett upp varúðarskilti á hliðin við hvorn enda. Vegfarendur vita þá af hættunni þó að veginum sé ekki lokað. Þegar snjóflóð hafa fallið og hættuástand er komið verður veginum alveg lokað með þessum hliðum“, segir Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Ísafirði.

Stuttar af bh.is



Skábraut á vistina

Gerð hefur verið hellulögð skábraut við inngang heimavistar Menntaskólans á Ísafirði og bætir hún aðgengi fatlaðra að heimavistinni. Verktakafyrirtækið Ásel á Ísafirði annaðist verkið. Einnig er verið að setja upp lyftu í aðalbyggingu skólans svo að þeir sem erfitt eiga með að ganga tröppur komist með auðveldari hætti leiðar sinnar innan skólans.

Tregt rennsli í Sundahöfn

Kristján Andri Guðjónsson, sjómaður á Ísafirði, sem á sæti í hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar, vakti máls á því á síðasta stjórnarfundi að vatnsrennsli væri lítið á Sundahafnarvæðinu á Ísafirði. „Þar sem ég landa alltaf er svolítið kraftleysi, að minnsta kosti er lífill kraftur miðað við hafnirnar í Bolungarvík og á Flateyri. Hafnarstjóri sagðist myndu athuga málið í samráði við áhaldahús og tæknideild bæjarins“, segir Kristján Andri.



Silfá flutt yfir á Hlíf

Fótaaðgerðastofan Silfá, sem fram til þessa hefur verið til húsa að Túngötu 3 á Ísafirði, er flutt yfir á Hlíf á Torfnesi. Engin breyting verður á starfsemi stofunnar við flutninginn í nýtt húsnæði, að sögn eigandans Sigríðar Hreinsdóttur, en hún er löggiltur fótaaðgerðarfræðingur. Á myndinni er Sigríður á nýja staðnum.



Gert við troll Andeyjar

Skipverjar á Andey ÍS 440, ísrækjutogara HG, vinna hér kappsamlega að viðgerð á trolli skipsins, sem rifnaði illa í síðustu veiðiferð. Þrátt fyrir óhappið gekk veiðin vel og var landað úr skipinu á Ísafirði rúmlega 30 tonnum af góðri rækju sem fékkst á Halasvæðinu. Eftir að viðgerð á trollinu lauk á föstudag hélt skipið rakkleitt til veiða á ný.

GARMIN
GPS staðsetningartæki

Tækin fast með íslenskortum
Íslenskur kennsludiskur fylgir

Bolungarvík
Súðareyri
Hnífsdalur
Ísafjörður
Súðavík

Bensinstöðin
456-3574
Ísafirði

Jólin koma...

Verðum í Neista þann 29. nóvember

swatch